

- 55 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningar- og verðlaunasjóð Friðriks
 11. apríl Hjartar, skólastjóra, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra
 11. apríl 1960.
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningar- og verðlaunasjóð Friðriks Hjartar, skólastjóra.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningar- og verðlaunasjóður Friðriks Hjartar, skólastjóra.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af frú Þóru Hjartar til minningar um Fririk Hjartar, mann hennar, á sjötugasta afmælisdegi hans hinn 15. sept. 1958. Friðrik hóf kennslu í barnaskóla Suðureyrar við stofnun hans haustið 1907 og var þar síðar skólastjóri í 23 ár.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 5000.00 — fimm þúsund krónur —.

4. gr.

Sjóðurinn tekur á móti gjöfum og áheitum þeirra manna, er styrkja vilja starfsemi hans, og skulu þær fjárhæðir leggjast við höfuðstól sjóðsins, nema gefandinn ákveði annað.

5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í tryggum opinberum sjóðum eða á annan öruggan hátt að dómi stjórnar sjóðsins.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. $\frac{4}{5}$ hluta ársvaxta sjóðsins skal verja til verðlauna samkvæmt skipulagsskrá þessari, en $\frac{1}{5}$ leggjast við höfuðstólinn.

7. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita pilti og stúlku verðlaun fyrir beztan árangur í íslenzku á lokaprófi skyldunámsins í barnaskóla Suðureyrar. Að jafnaði skulu verðlaunin vera góð íslenzk bók, en þó getur stjórn sjóðsins ákveðið önnur verðlaun, ef það þykir réttara. Rita skal nafn nemandans á verðlaunin og fyrir hvað þau eru veitt.

Verðlaun skulu veitt úr sjóðnum í fyrsta sinn vorið 1959.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn:

Skólastjóri barnaskóla Suðureyrar, formaður skólanefndar og sóknarprestur. Skipi sami maður tvö framangreindra embætta, skipar hreppsnefnd Suðureyrarhrepps þriðja manninn í nefndina, er starfi meðan einhver stjórnenda gegnir tveim fyrrgreindra embætta.

Nefndin skiptir með sér verkum.

9. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir, verðlaunaveitingar og annað, sem varðar hag og rekstur

sjóðsins. Stjórninni ber enn fremur að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur og gjöld hans og færa í hana ársreikninga sjóðsins. 55
11. apríl

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir með reikningum Suðureyrarhrepps.

10. gr.

Leitað skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Akranesi, 18. jan. 1960.

Þóra Hjartar.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Borgarness.

56

12. apríl

I. KAFLI

RAFORKUSALA

Rafveita Borgarness selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

I. Almenn notkun.

(1) Um kwst.mæli á 63 auru hverja kwst., auk fastagjalds, er reiknast þannig:

A(1). Til lýsingar.

85 aurar á mánuði af hverjum m² gólfflatar í rúmi því, sem lýsa skal. — Þó skal aðeins reikna helming gólfflatar til gjalda í geymslum og göngum o. þ. h.

B(1). Til heimilisnotkunar.

7 krónur á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m² skal reikna sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.

C(1). Til véla.

16 krónur á mánuði fyrir hvert kw. í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla.

(2) Um kwst.mæli, án fastagjalds, þannig:

A(2). Til lýsingar og til ýmissa nota, sem ekki verða felld undir aðra liði gjaldskrárinnar.

250 aurar fyrir hverja kwst.

B(2). Til véla og til vinnulagna í byggingum í smíðum.

140 aurar fyrir hverja kwst. Ársnotkun umfram 300 kw. á hvert kw. í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla greiðist með 63 aorum hver kwst.

C(2). Til véla í matvælaíðnaði.

42 aurar fyrir hverja kwst. enda sé uppsett rafafli fastra véla yfir 40 kw. og árlegur nýtingartími vélanna eigi skemmri en 1200 kwst. á hvert uppsett kw.